

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Úthlíð, frístundabyggð – svæði 5a.

Deiliskipulagið tekur til hluta frístundabyggðar í landi Úthlíðar 1, L167180. Innan svæðisins sem deiliskipulagið tekur til eru lóðir við göturnar Djáknahlíð, Djáknavveg, Djáknabrunir, Mosabrunir og Mosaskyggni. Á svæðinu er deiliskipulag í gildi. Við gildistöku þessa skipulags fellur sá svæðishluti í eldra skipulaginu sem tekur til nú framlagðs deiliskipulags úr gildi. Samþykkt í sveitarstjórn 18. október 2023.

Deiliskipulagsbreyting, Úthlíð, frístundabyggð.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úthlíðar 1, L167180. Hluti deiliskipulags frístundabyggðarinnar er felldur úr gildi en samhliða tekur gildi nýtt deiliskipulag fyrir sama svæði, Úthlíð, frístundabyggð – svæði 5a. Samþykkt í sveitarstjórn 18. október 2023.

Deiliskipulag, Hljómsveit.

Deiliskipulagið tekur til frístundalóðarinnar Úteyjar 1, lóð L191795. Í skipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu sumarhúss ásamt aukahúsi og geymslu innan nýtingarhlutfalls 0,03. Samþykkt í sveitarstjórn 6. september 2023.

Deiliskipulag, Klif í landi Spóastaða.

Deiliskipulagið nær yfir liðlega 2,3 hektara á lögbýlinu Klifi, L167134. Á landinu eru nú þegar íbúðarhús og sumarhús (landnúmer L192315). Markmið skipulagsins er að skipta landinu í tvær lóðir þar sem nyrðri lóðin verði lögbýlislóð og syðri lóðin íbúðarhúsalóð. Vegtengingar að lóðunum eru til staðar sem og vatn, rafmagn og rotþrær. Samþykkt í sveitarstjórn 6. september 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 26. október 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 10. nóvember 2023